

Alþingi
Erindi nr. P 135/809
komudagur 5. 12. 2007

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Asusturstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2007

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæði um húsafriðun


Arkitektafélag Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæði um húsafriðun, 33. mál, aldursákvæði og hverfisvernd.

Laganefnd Arkitektafélagsins hefur kynnt sér frumvarpið og fjallað um það. Laganefndin telur ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

f.h. Arkitektafélags Íslands.


Guðrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 135/842
komudagur 6.12.2007

Hafnarfjörður 01. 12. 2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um húsfriðun.

Undirritaður hefur fengið til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum nr. 104/2001 um húsfriðun og nr. 73/1997 skipulags- og byggingalögum.

Ljóst er að skerpa verður á lögum um verndun byggingararfsins og þá sérstaklega til að verndar þeim byggingum og hverfum sem ekki heyra undir núgildandi lög og eru byggð á þriðja og fjórða áratug 20. aldar.

Fyrirliggjandi frumvarp um breytingar á lögum um húsfriðun þar sem lagt er til verndun allra húsa sem náð hafa 75 ára aldri verður óhjákvæmilega mjög þungt í framkvæmd. Tel ég að þar sé búið að spenna bogann full hátt, fjöldi verndaðra húsa mun margfaldast og að óbreyttu og án viðhlítandi aðgerða eru hvorki minjasöfn sveitarfélaganna né Húsfriðunarnefnd ríkisins í stakk búin til að mæta þeim auknu verkefnum sem í kjölfarið kæmu.

Breytingin sem lögð er til á skipulags- og byggingalögum er vænlegri leið til verndunar heildstæðra hverfa. Þar er fundin leið til að vernda hverfi, hverfahluta og götumyndir án þess að ákvæðið um verndun náí til allra bygginga frá ákveðnum tímabilum. Með því móti er auðveldara að velja úr hvaða hverfi skal vernda og hafa þá fagleg sjónarmið að leiðarljósi.

Virðingarfyllst,

Björn Pétursson

bæjarminjavörður Hafnarfjarðar



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/660
komudagur 3.12.2007

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
GLAUMBÆ 560 – VARMAHLÍÐ
MINJAHÚSINU AÐALGÖTU 16B, 550 - SAUÐÁRKRÓKI

Glaumbæ, 4. desember 2007

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK

Innsend erindi, 135. löggjafarþing 2007-2008, þskj. 33 - 33. mál.
Frá Byggðasafni Skagfirðinga

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um húsafriðun.

I. kafli

Breyting á lögum nr. 104/2001, um húsafriðun

1.gr.

Tillaga um breytingu á 6. grein.

a) 1. mgr. orðist: Öll hús, sem eru 100 ára og eldri, eru friðuð, svo og allar kirkjur eldri en 75 ára. Breytingartillagan er til bóta, þar sem hér er fylgt sömu reglu og kemur fram í 9. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001. Við leggjum til að í stað „svo og allar kirkjur eldri en 75 ára“ komi: en heimilt er að friðlýsa yngri hús

b) Í stað orðanna „reist eru fyrir 1918“ í 2. mgr. kemur: eru 75 ára og eldri.

c) Í stað orðanna „fylgjast með því“ í 4. mgr. kemur: ganga úr skugga um

2.gr.

Í stað orðanna „tvær vikur“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: fjórar vikur. Betra.

II. kafli

Við 6. mgr. 9. gr. laganna, viðbót, svohljóðandi: Nú gildir ákvæði hverfisverndar, samkvæmt lögum þessum, um einstakar byggingar, mannvirki eða húsaþyrpingar og er skipulagsfulltrúum þá skylt að leita álits húsafriðunarnefndar áður en breytingar á skipulagsmálum eru heimilaðar. Hið sama gildir ef á skipulagssvæði eru byggingar sem ákvæði 6. gr. laga um húsafriðun taka til. Gott.

4.gr.

Í stað orðanna „V. kafla þjóðminjalaga“ í 5. mgr. 43. gr. laganna kemur: laga um húsafriðun, nr. 104/2001.

III. kafli

Gildistaka

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

F.h. Byggðasafns Skagfirðinga


Sigríður Sigurðardóttir samstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/990
komudagur 28.12.2007

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is

Akureyri 21. desember 2007


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis **frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um húsafriðun, 33. mál, aldursákvæði og hverfisvernd..** Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Í 1. kafla frumvarpsins kemur fram að öll hús 100 ára og eldri verði friðuð, svo og allar kirkjur 75 ára og eldri. Einnig er lagt til að eigendum húsa 75 ára og eldri verði skylt að leita umsagnar húsafriðunarnefndar ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Stjórn Eyþings er sammála því grundvallarsjónarmiði að miða við aldur húsa í stað byggingarárs og getur tekið undir það ákvæði að eigendum húsa 75 ára og eldri verði skylt að leita umsagnar (nú miðað við ártalið 1918). Stjórnin getur hins vegar ekki fallist á að öll hús 100 ára og eldri, sem og kirkjur 75 ára og eldri, verði fortakslaust friðuð. Eðlilegt er að það byggist á mati í hverju tilviki. Stjórnin tekur að öðru leyti ekki afstöðu til frumvarpsins.

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

Fornleifanefnd
c/o Valborg Þ. Snævarr hrl.
Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/909
komudagur 11.12.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um húsafriðun, 33. mál 2007.


Fornleifanefnd hefur fjallað um frumvarpið og sér útaf fyrir sig ekkert því til fyrirstöðu að herða á ákvæðum laga um húsafriðun. Hins vegar er spurning hvort viðmið um 100 ára aldur húsa, sem getur um í a lið 1. gr. frumvarpsins, sé endilega rétt og má í því sambandi benda á að aldur húsa gefi ekki endilega vísbendingu um menningarsögulegt verðmæti þeirra. Væri hugsanlegra réttari leið að veita Húsafriðunarnefnd rýmri heimildir til að friða jafnvel yngri hús og götumyndir, sem ástæða er til að vernda.

Þá verði mikil aukning á friðuðum húsum eftir því sem árin líða, og upphaf 100 ára viðmiðsins færast lengra inn á tuttugustu öldina. Gæti hin gífurlega aukning friðaðra bygginga gert það erfitt að framfylgja ströngustu kröfum um friðun. Hefur í reynd, á grundvelli gildandi laga, reynt erfitt að hafa eftirlit með húsum sem núgildandi lög taka til. Má velta því fyrir sér hvort ekki sé einfaldara að leggja auknar skyldur á húseigendur um viðhald og umhirðu friðaðra húsa og leita annarra og sveigjanlegri leiða til friðunar bygginga sem hafa sögulegt gildi.

Fornleifanefnd leggst því ekki beinlínis gegn breytingu á 6. gr. laga nr. 104/2001 um húsafriðinu en lýsir ákveðnum efasemdum um þá leið sem lögð er til í frumvarpinu og að ef til vill þurfi að setja frekari vinnu í að leita nýrri leiða til húsafriðunar, til samræmis við markmið þessa úrræðis.

Ef gera á breytingar á 6. mgr. 9. gr. laga nr. 73/1997 á annað borð, með þeirri viðbót sem 3. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir, er lagt til að að bætt sé við, á undan orðinu “náttúruminjar” orðinu “fornminjar”. Þarf vart að rökstyðja þá tillögu enda augljóst að sama eigi við um fornminjar og aðra þá liði sem getið er í ákvæðinu.

Reykjavík 7. desember 2007
f.h. Fornleifanefndar


Valborg Þ. Snævarr, formaður

Alþingi
Erindi nr. P 135/811
komudagur 5.12.2007



Alþingi-nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
ICELAND

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinhuld@fornleifavernd.is

Reykjavík 3. desember 2007
Tilvísun: Fvr 2007120001 IKHS

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um húsafriðun

Óskað hefur verið umsagnar Fornleifaverndar ríkisins um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um húsafriðun nr. 104/2001, og breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, þskj. 33 - 33. mál.

Það er mat Fornleifaverndar ríkisins að það sé löngu tímabært að breyta núgildandi viðmiði um friðun húsa úr árinu 1850 og nær okkur í tíma, þannig að yngri hús falli þar undir. Spurningin er hvort skynsamlegra sé að miða við árið 1900 eða við 100 ára reglu eins og gert er hér og einnig í þjóðminjalögum nr. 107/2001 varðandi friðaðar fornleifar og forngrípi. Sú regla hefur komist á í Hollandi að þar er miðað við 100 ára markið eins og í þessu frumvarpi, en jafnframt er gert ráð fyrir að nauðsynlegt sé að skoða hvert mál fyrir sig og ákvarða í framhaldi af því hvort friðun hússins eigi að standa. Með því að setja 100 ára markið er í raun verið að veita tíma til að vega og meta hvort friða beri húsið. Það sama mætti setja inn varðandi kirkjur 75 ára og eldri, að vegna aldursákvæðis séu þær friðaðar, en jafnframt verði að meta friðunargildi hverrar kirkju fyrir sig.

Þá teljum við til bóta að gerðar hafa verið breytingar á skipulags- og byggingalögum í þá átt að skipulagsfulltrúum sé skylt að leita álits húsafriðunarnefndar áður en breytingar á skipulagsskilmálum eru heimilaðar.

Fornleifavernd ríkisins telur mikla bót að friðun nái ekki einungis til húss, eins og tíðkast hefur hingað til, heldur einnig umhverfis þess.

Fornleifavernd ríkisins vekur athygli á nauðsyn þess að samræmi sé á milli þjóðminjalaga nr. 107/2001 og húsafriðunarlaga nr. 104/2001. Það vill bera við að lögin skarist. Sem dæmi mætti taka að skv. 9. grein þjóðminjalaga lið a. telst svokallað búsetulandslag til fornleifa og fellur þar með undir stjórnslu Fornleifaverndar ríkisins. Í lið 2:4 bls. 2. í frumvarpinu er fjallað um menningarlandslag og strandlínu á þann hátt að ætla mætti að hér væri álitíð að stjórnslu þessara svæða félli undir Húsafriðunarnefnd ríkisins. Þá hefur verið litið svo á að trjágardar falli einnig undir stjórnslu Fornleifaverndar ríkisins og að þeir séu hluti svokallaðs búsetulandslags.


Þá telur Fornleifavernd ríkisins ástæðu til að vekja athygli á nauðsyn þess að hugað sé að öllum gömlum byggingum í einkaeign á landsbyggðinni. Á undanförunum árum hefur mun meiri

áhersla verið lögð á varðveislu bygginga í þéttbýli, einkum íbúðarhúsa, en merk útihús á landsbyggðinni hafa ekki fengið sömu athygli né fjárstyrk til uppbyggingar. Fer þessum húsum nú ört fækkandi.

Virðingarfyllt

Kristín Huld Sigurðardóttir

Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður



HAFNARFJARÐARBÆR
Skipulags- og byggingarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 135/910
komudagur 11.12.2007

Dagsetning
10.12.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Hafnarfjarðarbæ hefur borist til umsagnar frumvarp til breytingar á húsafriðunarlögum, 33.mál. Erindið var tekið fyrir á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar 20.11.2007 og var afgreiðsla ráðsins á þessa leið:

0711202 - Húsafriðun, frumvarp til umsagnar


Tekið fyrir að nýju bréf menntamálanefndar Alþingis dags. 15.11.07, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp um breytingu á húsafriðunarlögum. Lögð fram uppfærð tillaga að umsögn dags. 07.12.07. Frestað á síðasta fundi.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir umsögnina og felur sviðsstjóra að afgreiða málið samkvæmt því.

Umsögnin eins og hún var samþykkt fylgir hér með.

F.h. skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar

*Dr. Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri
skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar*



Dagsetning
10.12.2007

FRUMVARP TIL BREYTINGAR Á HÚSAFRÍÐUNARLÖGUM OG SKIPULAGS- OG BYGGINGARLÖGUM

Umsögn skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 104/2001, um húsafriðun.

1. grein.

Lagt er til að 6. grein laga um húsafriðun verði breytt, þannig að öll hús sem eru 100 ára og eldri verði friðuð með lögum og jafnframt allar kirkjur sem eru 75 ára og eldri. Í gildandi lögum er friðun miðuð við hús byggð fyrir 1850 og kirkjur byggðar fyrir 1918. Þá er lagt til að eigendum húsa sem eru 75 ára og eldri sé skylt að leita umsagnar húsafriðunarnefndar ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa. Gildandi lög miða við ártalið 1918. Þá er lagt til að kveðið sé fastar á um skyldur byggignarfulltrúa að framfylgja þessum ákvæðum, þannig að í stað þess að byggingarfulltrúum “beri að fylgjast með því að eigendur húsa, sem fjallað er um í þessari grein, leiti eftir álitni húsafriðunarnefndar og minjavarða áður en leyfi er veitt til framkvæmda” skuli þeir ganga úr skugga um það.

2. grein


Þá er lagt til að ákvæði um skyndifriðun í 8. grein laganna verði breytt þannig að skyndifriðun gildi í fjórar vikur í stað tveggja.

Í greinargerð með frumvarpinu er talið eðlilegra að miða við aldur húsa en ákveðin ártöl, og með þessari breytingu nái ákvæðin m.a. til steinsteypra húsa, sem flest séu byggð eftir 1918. Þá þykir tími skyndifriðana í gildandi lögum of stuttur til að ráðherra fái ráðrúm til að kanna forsendur skyndifriðunarinnar.

Umsögn:

Taka má undir það að eðlilegra sé að miða við aldur húsa en fast ártal. Þó ber að stíga hér varlega til jarðar, því að þótt í dag miðist 100 ár við ártalið 1907, 75 ár miðist við ártalið 1932 og tiltölulega fá hús lendi innan þess ramma, þá breytast þessi ártöl með tímanum, og innan þess ramma geta með tímanum lent óeðlilega mörg hús í misjöfnu ástandi. Það getur sett eðlilegri þróun bæja og borga of þröngar skorður. Hugsanlegt væri að *Húsafriðunarnefnd fái í þess stað heimild til að friða hús eldri en 100 ára telji hún til þess ástæðu og að leita skuli álits Húsafriðunarnefndar um hús 100 ára og eldri sem ekki eru friðuð.*

Til að koma í veg fyrir að innan fárra ára lendi “óeðlilega” mörg hús undir friðunarákvæði þá má vel hugsa sér að að *húsfriðunarnefnd í samvinnu við sveitarfélög sé gert skylt í lögum að skila af sér áætlun um vernd húsa eða húsaþyrpinga á t.d. 5-10 ára fresti.* Með þessum hætti væri hægt að tryggja að ekki verði um það að ræða að öll hús í ákveðnum aldursflokki njóti



HAFNARFJARÐARBÆR
Skipulags- og byggingarsvið

sömu verndar og að til séu upplýsingar og áætlanir um vernd þeirra húsa og húsaþyrpinga sem sérstaklega ber að friða.

Ekki er gerð athugasemd við tímalengd skyndifriðunar.

II. KAFLI

Breyting á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

3. grein

Lagt er til að við 6. mgr. 9. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi:

“Nú gildir ákvæði hverfisverndar, samkvæmt lögum þessum, um einstakar byggingar, mannvirki eða húsaþyrpingar og er skipulagsfulltrúum þá skylt að leita álits húsafriðunarnefndar áður en breytingar á skipulagsskilmálum eru heimilaðar. Hið sama gildir ef á skipulagssvæði eru byggingar sem ákvæði 6. gr. laga um húsafriðun taka til.”

Í greinargerð segir að flutningsmenn telji það sérstaklega mikilvægt til að tryggja að sjónarmið húsafriðunar og húsverndar komi fram og séu höfð til hliðsjónar strax á skipulagsstigi.

Umsögn:

Taka má undir það að eðlilegt sé að tekin sé afstaða til húsafriðunar og húsverndar strax á skipulagsstigi. Lagðar eru til eftirfarandi orðalagsbreytingar: Í stað “Nú gildir ákvæði hverfisverndar samkvæmt lögum þessum skal leita álits húsafriðunarnefndar ...” komi “*Nú hefur sveitarstjórn sett ákvæði um hverfisvernd samkvæmt lögum þessum..... skal leita umsagnar húsafriðunarnefndar...*”

F.h. skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar

Dr. Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri
skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar

Alþingi
Erindi nr. P 135/808
komudagur 5.12.2007

Nefndasvið Alþingis
Margrét María Grétarsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 3. desember 2007.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um um breytingu á lagaákvæðum um húsafriðun.
135. löggjafarþing 2007 – 2008. Þskj. 33 - 33. mál.**

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 15. nóvember s.l., þar sem óskað er umsagnar um ofangreint lagafrumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar en telur ekki það ekki gefa tilefni til umsagnar.

Virðingarfyllt,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður

REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

Alþingi

Erindi nr. P 135/810

komudagur 5.12.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK

5. desember 2007

Umsögn ReykjavíkurAkademíunnar um frumvarp til laga um húsafriðun, 33. mál, aldursákvæði og hverfisvernd.

Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur var fengin til að fjalla um frumvarpið ásamt undirrituðum og eru niðurstöður þessar:


Frumvarp þetta er framfaraskref þar sem treystar eru stoðir húsaverndar á tvennum vettvangi, í lögum um húsafriðun og skipulags og byggingarlögum. Breytingarnar eru í alla staði eðlilegar og brýnar en þó gæti verið að ástæða sé til að ganga heldur lengra en gert er í frumvarpinu.

Í fyrsta kafla frumvarpsins er talað um hús annars vegar og kirkjur hins vegar. Spyrja má hvaða forsendur liggja að baki þessum tveimur tímamörkum og ennfremur hvort ekki sé ástæða til að aðrar opinberar byggingar en kirkjur falli undir þetta ákvæði. Ættu þær ekki að vera verndaðar eftir 75 ár á sama hátt og kirkjurnar? Þá væri full ástæða til að taka til athugunar hvort önnur mannvirki með sérstaka byggingasögulega skírskotun eins og t.d. almenningsgarðar, kirkjugarðar, torg, leikvellir o.fl. ættu ekki einnig heima undir þessum hatti.

Í greinargerðinni er talað um varðveislu heildarmyndar "söguleg yfirbragð húsa, götumynda og byggðamynstur". Að okkar mati hefur þetta markmið ekki ratað inn í sjálfan lagatextann með nógu afgerandi hætti.


Virðingarfyllst,

Fyrir hönd ReykjavíkurAkademíunnar,



Vidar Hreinsson

Framkvæmdastjóri



Sólveig Ólafsdóttir

sagnfræðingur



Samtök Tæknimann Sveitarfélaga

Hafnarfirði 23. janúar 2008.

Menntamálanefnd Alþingis
B/t nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn SATS á frumvarpi til breytinga á lögum um húsafriðun og lögum um skipulags- og byggingarmál.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 104/2001, um húsafriðun.

1. grein.

Lagt er til að 6. grein laga um húsafriðun verði breytt, þannig að öll hús sem eru 100 ára og eldri verði friðuð með lögum og jafnframt allar kirkjur sem eru 75 ára og eldri. Í gildandi lögum er friðun miðuð við hús byggð fyrir 1850 og kirkjur byggðar fyrir 1918. Þá er lagt til að eigendum húsa sem eru 75 ára og eldri sé skylt að leita umsagnar húsafriðunarnefndar ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa. Gildandi lög miða við ártalið 1918. Þá er lagt til að kveðið sé fastar á um skyldur byggignarfulltrúa að framfylgja þessum ákvæðum, þannig að í stað þess að byggingarfulltrúum "beri að fylgjast með því að eigendur húsa, sem fjallað er um í þessari grein, leiti eftir álitum húsafriðunarnefndar og minjavarða áður en leyfi er veitt til framkvæmda" skuli þeir ganga úr skugga um það.

2. grein

Þá er lagt til að ákvæði um skyndifriðun í 8. grein laganna verði breytt þannig að skyndifriðun gildi í fjórar vikur í stað tveggja.

Í greinargerð með frumvarpinu er talið eðlilegra að miða við aldur húsa en ákveðin ártöl, og með þessari breytingu nái ákvæðin m.a. til steinsteypra húsa, sem flest séu byggð eftir 1918. Þá þykir tími skyndifriðana í gildandi lögum of stuttur til að ráðherra fái ráðrúm til að kanna forsendur skyndifriðunarinnar.

Umsögn:

1. grein.

Taka má undir það að eðlilegra sé að miða við aldur húsa en fast ártal. Þó ber að stíga hér varlega til jarðar, því að þótt í dag miðist 100 ár við ártalið 1907, 75 ár miðist við ártalið 1932 og tiltölulega fá hús lendi innan þess ramma, þá breytast þessi ártöl með tímanum, og innan þess ramma geta með tímanum lent óeðlilega mörg hús í misjöfnu ástandi. Það getur sett eðlilegri þróun bæja og borga of þröngar skorður. Hugsanlegt væri að Húsafriðunarnefnd fái í þess stað heimild til að friða hús eldri en

100 ára telji hún til þess ástæðu og að leita skuli álits Húsafriðunarnefndar um hús 100 ára og eldri sem ekki eru friðuð.

Til að koma í veg fyrir að innan fárra ára lendi "óeðlilega" mörg hús undir friðunarákvæði þá má vel hugsa sér að að húsafriðunarnefnd í samvinnu við sveitarfélög sé gert skylt í lögum að skila af sér áætlun um vernd húsa eða húsabyrpinga á t.d. 5-10 ára fresti. Með þessum hætti væri hægt að tryggja að ekki verði um það að ræða að öll hús í ákveðnum aldursflokki njóti sömu verndar og að til séu upplýsingar og áætlanir um vernd þeirra húsa og húsabyrpinga sem sérstaklega ber að friða.

2. grein.

Ekki er gerð athugasemd við tímalengd skyndifriðunar.

II. KAFLI

Breyting á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

3. grein

Lagt er til að við 6. mgr. 9. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: "Nú gildir ákvæði hverfisverndar, samkvæmt lögum þessum, um einstakar byggingar, mannvirki eða húsabyrpingar og er skipulagsfulltrúum þá skylt að leita álits húsafriðunarnefndar áður en breytingar á skipulagsskilmálum eru heimilaðar. Hið sama gildir ef á skipulagssvæði eru byggingar sem ákvæði 6. gr. laga um húsafriðun taka til."

Í greinargerð segir að flutningsmenn telji það sérstaklega mikilvægt til að tryggja að sjónarmið húsafriðunar og húsverndar komi fram og séu höfð til hliðsjónar strax á skipulagsstigi.

Umsögn:

Taka má undir það að eðlilegt sé að tekin sé afstaða til húsafriðunar og húsverndar strax á skipulagsstigi. Lagðar eru til eftirfarandi orðalagsbreytingar: Í stað "Nú gildir ákvæði hverfisverndar samkvæmt lögum þessum skal leita álits húsafriðunarnefndar ..." komi "Nú hefur sveitarstjórn sett ákvæði um hverfisvernd samkvæmt lögum þessum..... skal leita umsagnar húsafriðunarnefndar..."

Virðingarfyllt

F.h. SATS

Erlendur Árni Hjálmarsson form.

Fasteignafélagi Hafnarfjarðar

Strandgötu 11 Hafnarfirði

Sími 585 5634, gsm. 664 5634

elli@hafnarfjordur.is

Alþingi
Erindi nr. P 135/727
komudagur 4.12.2007



2007110054
9140

Alþingi
Margrét María Grétarsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2007
/--

Efni: Umsögn Skipulagsstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um húsafriðun, 33. mál, aldursákvæði og húsafriðun.

Skipulagsstofnun gerir tillögu um að 3. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg, að á eftir orðunum "mannvirki eða húsaþyrpingar" bætist orðin "75 ára eða eldri". Stofnunin gerir jafnframt tillögu um að í stað "skipulagsfulltrúum" komi orðið "sveitarstjórn", og að orðunum "breytingar á skipulagsskilmálum eru heimilaðir" verði breytt í "deiliskipulag eða breyting á deiliskipulagi er samþykkt".


Ákvæðið myndi þá hljóða svo:

Nú gildir ákvæði hverfisverndar, samkvæmt lögum þessum, um einstakar byggingar, mannvirki eða húsaþyrpingar 75 ára eða eldri og er sveitarstjórn þá skylt að leita álits húsafriðunarnefndar áður en deiliskipulag eða breyting á deiliskipulagi er samþykkt. Hið sama gildir ef á skipulagssvæði eru byggingar sem ákvæði 6. gr. laga um húsafriðun taka til.

Skýring:

Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt 9. mgr. 6. gr. núgildandi skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, geta byggingar notið hverfisverndar af fleiri ástæðum en aldurs þeirra. Þannig segir í ákvæðinu að ef innan marka skipulagssvæðis séu einstakar byggingar, mannvirki, húsaþyrpingar, náttúruminjar eða trjágróður sem æskilegt er talið að varðveita vegna *sögulegs*, *náttúrulegs* eða *menningarlegs* gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða, skuli setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd. Með því að takmarka þá skyldu sveitarstjórnar að leita umsagnar húsafriðunarnefndar við einstakar byggingar og húsaþyrpingar sem náð hafa 75 ára aldri, telur Skipulagsstofnun að komist verði hjá því að leita umsagnar nefndarinnar af öðrum ástæðum, svo sem ef bygging nýtur hverfisverndar vegna menningarlegs gildis eingöngu. Telur stofnunin það og vera í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins, svo sem að eiganda byggingar, 75 ára eða eldri, sé skylt að leita umsagnar húsafriðunarnefndar ef þeir hyggtast breyta húsi sínu, flytja eða rífa.

Skipulagsstofnun telur jafnframt að réttara sé að kveða á um að sveitarstjórn skuli leita áhlits húsafriðunarnefndar í stað skipulagsfulltrúa. Er það í samræmi við, að það er sveitarstjórn sem ber ábyrgð á skipulagsgerð, og hún samþykkir breytingar á skipulagi. Sveitarstjórn getur þá falið skipulagssfulltrúa að leita þessa áhlits telji hún það hentugt. Jafnframt telur Skipulagsstofnun rétt að tala um deiliskipulag eða breytingar á deiliskipulagi í stað skipulagsskilmála, enda felur breyting á skipulagsskilmálum í sér breytingu á deiliskipulagi.


Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson

4.12.2007

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/807
komudagur. 5.12.2007

Menntamálanefnd Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um húsafriðun

Í bréfi dagsettu 15. nóvember var óskað eftir umsögn undirritaðrar um frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um húsafriðun, 33. mál, aldursákvæði og hverfisvernd.

Undirrituð styður umræddar breytingatillögur og lýsir yfir ánægju með tillögurnar, sem munu stuðla að efldri húsvernd og þar með framförum á sviði þjóðminjavörslu.

Margrét Hallgrímsdóttir,
þjóðminjavörður

Umsögn
um

Frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um húsafriðun
(135. löggjafarþing 2007-2008. Þskj. 33 – 33. mál.)

Fyrsti kafli fjallar um breytingar á lögum nr. 104/2001, um húsafriðun. Þar segir:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Öll hús sem eru 100 ára og eldri, eru friðuð, svo og allar kirkjur eldri en 75 ára.

Árið 1994 (L. 98/1994, 10 gr.) var hin svokallaða „100 ára regla“ tekin upp sem viðmið um skilgreiningu og friðun fornleifa. Með því skapaðist ákveðin skekkja gagnvart lagaákvæðum um húsafriðun, þar sem miðað var við að hús sem byggð voru fyrir 1850 væru friðuð, en rústir nytu friðunar ef þær höfðu náð 100 ára aldri. Þannig er staðan í núgildandi lögum, sbr. 9 gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 og 6. gr. laga um húsafriðun nr. 104/2001. Þetta þýðir í reynd, að ef hús sem byggt var árið 1860, stendur uppi, þá er það ekki friðað, en ef þakið fýkur af, þá nýtur það friðunar samkvæmt 9. gr. þjóðminjalaga sem fornleifar eða rúst. Þessa skekkju þarf vissulega að laga og friðunarákvæði um hús og fornleifar að skoðast í samhengi.

Í fornminjavörslunni er reynslan af „100 ára reglunni“ í flestum atriðum góð. Hún hefur í raun gjörbreytt framkvæmd þjóðminjavörslunnar og tryggt varðveislu margra merkilegra minja og minjabeilda. Vandinn er hins vegar sá, að eftir því sem friðunarákvæðið færir ofar upp á 20. öldina, kemur inn ógrynni minja til athugunar sem alla jafna hefðu ekki fengið mikla athygli. Nefna má sem dæmi að upp úr aldamótum fór að verða vinsælt að leggja gaddavírsgirðingar og jafnframt hlaða undir þær. Þær geta tekið yfir mikil landsvæði. Þótt gaddavírsgirðingar geta vissulega verið áhugaverður hluti menningarlandslags þá má friðunin ekki verða til þess að menn almennt beri minni virðingu fyrir henni. Ég tel af þessum sökum heppilegra að miða friðun fornleifa við árið 1900, en á þeim tíma eru Íslendingar að færast meir og meir út úr gömlu torfbæjunum. Hins vegar er þá hægt að friðlýsa yngri minjar sérstaklega ef mönnum sýnist svo, sbr. 11. gr. þjóðminjalaga.

Varðandi húsin þá er eðlilegt að jafn ströng eða að strangari ákvæði gildi um þau uppistandandi heldur en sem rústir. „100 ára regluna“ tel ég því eðlilega meðan sú regla gildir um fornleifar. Hins vegar tel ég heppilegra að friðun miðist við ártal í báðum tilvikum, þá árið 1900. „100 ára reglan“ gæti hins vegar orðið til þess að aflýsa þyrfti friðun á fjölda húsa eftir því sem við færðumst lengra inn á

20. öldina. Heppilegra væri að yngri hús (þau sem væru byggð eftir t.d. 1900) væru friðuð sérstaklega og hús 75 ára og eldri gerð umsagnarskyld eins og gert er ráð fyrir í b-lið frumvarpsins.

b. Í stað orðanna „reist eru fyrir 1918“ í 2 mgr. kemur: eru 75 ára og eldri.

Það væri mjög til framfara að hús 75 ára og eldri væru umsagnarskyld, og væri þá hægt að friða þau hús sérstaklega sem teldust friðunarverð.

c. Í stað orðanna „fylgjast með því“ í 4 mgr. kemur: ganga úr skugga um.

Varðandi 6. grein laga um húsafriðun 104/2001, þá er hún í raun ekki nógu skýr í ákveðnum atriðum, en 2-4 mgr. eru eftirfarandi:

2mgr. Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá húsafriðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

3. mgr. Húsafriðunarnefnd skal innan fjögurra vikna tilkynna viðkomandi aðilum, að fenginni umsögn minjavarðar, hvort hún telur ástæðu til friðunar.

4. mgr. Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa, sem fjallað er um í þessari grein, leiti eftir áliti húsafriðunarnefndar og minjavarða áður en leyfi er veitt til framkvæmda.

Samkvæmt 2. mgr. ber eigendum að leita álits húsafriðunarnefndar og 3. mgr. má skilja svo að húsafriðunarnefnd skuli gefa álit sitt eftir að hafa fengið umsögn frá minjaverði viðkomandi svæðis. En svo segir í 4. mgr. að byggingarfulltrúar skuli fylgjast með því að eigendur leiti álits bæði húsafriðunarnefndar og minjavarða. Hér er því ekki ljóst hver á að leita álits hjá hverjum. Óljóst er hvort það er húsafriðunarnefnd eða eigendur sem skuli leita álits minjavarða. Í gömlu þjóðminjalögunum (nr. 88/1989, 36 gr.) var þetta með eftirfarandi hætti:

2mgr. Skylt er eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, að tilkynna minjavörðum og húsafriðunarnefnd ríkisins með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

3. mgr. Húsafriðunarnefnd skal innan þriggja vikna tilkynna viðkomandi aðilum, hvort hún telur ástæðu til friðunar.

4. mgr. Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa, sem fjallað er um í þessari grein, sinni tilkynningaskyldu sinni.

Í reynd hefur það verið þannig á minjasvæði Norðurlands vestra að byggingarfulltrúar hafa leitað beint eftir umsögn minjavarðar, og þá í nafni sveitarfélagsins. Þetta er þá þjónusta sem þeir hafa sinnt fyrir hönd húseigenda áður en framkvæmdaleyfi/byggingaleyfi er gefið út. Í sumum tilfellum hafa byggingarfulltrúar borið undir minjavörð hvort ástæða eða tilefni sé til að tiltekin mál fari til umsagnar húsafriðunarnefndar. Minjaverðir eru oft í betri aðstöðu en

húsafriðunarnefnd til að fylgjast með málum sem uppi eru á þeirra minjasvæðum. Nýlegt dæmi um það er mál gamla barnaskólans á Hólmavík (Kópsnesbraut 4b), sem átti að rífa án þess að tilkynningaskyldu 6. gr. væri sinnt. Vegna athugasemda minjavarðar fór málið til húsafriðunarnefndar sem skyndifriðaði húsið, og var síðan endanlega friðað af menntamálaráðherra.

Heppilegast væri að kveða skýrt upp úr í 2. mgr. að eigendur húsa skuli leita eftir álitum minjavarðar og húsafriðunarnefndar eins og var í gömlu lögum. Það á að tryggja að málin berist fljótt og vel til minjavarðar. Þá verður einnig 4 mgr. skiljanleg. Varðandi breytingatillögu frumvarpsins er kveðið fastar á um þetta eftirlitshlutverk byggingafulltrúa, þ.e. að hann „gangi úr skugga um“ að álit minjavarðar og húsafriðunarnefndar liggi fyrir, og er það til bóta.

Í öðrum kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingatillögur á skipulags- og byggingalögum, nr. 73/1997.

Það er mjög til framfara að kveðið verði skýrt á um aðkomu húsafriðunarnefndar strax á skipulagsstígi, hvort heldur það verði gert í lögum eða í reglugerð. Varðandi fornminjavörsluna þá hefur það verið svo að Fornleifavernd ríkisins hefur fengið öll skipulagsmál inn til umsagnar. Minjaverðir hafa gefið slíkar umsagnir um fornminjar hver á sínu svæði. En þeir hafa skyldur bæði samkvæmt þjóðminjalögum og lögum um húsafriðun og ættu að leggja mat á menningarlandslagið í víðu samhengi (þ.e. hús, fornleifar og landslag) í skipulagi. Þannig eru minjaverðir í raun einu aðilarnir sem skoða menningarminjarnar heildstætt og eru þannig í góðri aðstöðu til að skilgreina friðunarverðar minjaheildir. Sem starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins hefur tilhneigingin þó verið sú að minjaverðir skoða skipulagsmál fyrst og fremst frá sjónarhóli fornminjavörslunnar. Heppilegast væri að sameina þessar tvær stofnanir (Fornleifavernd og Húsafriðunarnefnd) og verður vonandi gert við endurskoðun þjóðminjalaga.

E.t.v. væri ástæða til að hnykkja á því í lögum eða reglugerð að minjaverðir leggi jafnframt mat á hús og húsaþyrpingar, eða menningarlandslag í víðu samhengi, í tengslum við umsagnir sínar í skipulagsmálum.

Virðingarfyllst,



Þór Hjaltalín
Minjavörður Norðurlands vestra